

Fötudaginn 30. apríl 1948.

Nr. 67/1947. **Vinnufatagerð Íslands h/f**
(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Jóhönnu Sigurðardóttur
(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Ákvörðun orlofsfjár.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. júní 1947, krefst þess að verða dæmdur sýkn af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi fékk ekki fast kaup fyrir starf sitt hjá áfrýjanda, en hafði ákvæðisvinnukaup, miðað við dagvinnutaxta. Samkvæmt 1. málsgrein 4. gr. laga nr. 16/1943 átti hún því rétt á að fá greitt í orlofsfé 4% af ákvæðisvinnukaupi sínu orlofsárið 1945—1946, eða kr. 663.26. Með því að málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður þó að láta sitja við héraðsdóminn og staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 600 krónur í málskostnað í hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Vinnufatagerð Íslands h/f greiði stefnda Jóhönnu Sigurðardóttur kr. 600.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Jóhanna Sigurðardóttir, Frakkastíg 14 B hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með

stefnu útgefinni 24. janúar s. l. gegn Vinnufatagerð Íslands, hér í bænum, til greiðslu eftirstöðva orlofsfjár að fjárhæð kr. 256.80 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómars.

Stefnandi er félagi í Iðju, félagi verksmiðjufólks, og starfar að verksmiðjuvinnu hjá stefnda, sem mun vera í Félagi íslenzkra iðnrekenda. Gilda samningar framangreindra félaga um kjör stefnanda.

Orlofsárið 1945—1946 vann stefnandi að einhverju eða öllu leyti í ákvæðisvinnu og tók því laun miðað við vinnuafköst. Námu laun hennar á þessu tímabili kr. 16 581.38. Telur hún sig eiga að fá 4% af þeirri fjárhæð í orlofsfé eða kr. 663.26. Stefndi hefur hins vegar aðeins greitt henni orlofsfé miðað við fastakaup við störf hennar eða kr. 406.46, og er mál þetta höfðað til heimtu mismunar þessara fjárhæða.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt orlofslögunum eigi hún rétt á að fá í orlofsfé 4% af öllum launum sínum á orlofsárinu, enda hafi öll störf sín verið unnin samkvæmt dagvinnutaxta. Telur hún þetta gilda jafnt fyrir því, þótt svo yrði litið á, að hún hafi verið í föstu starfi hjá stefnda, því þá eigi hún rétt á 12 daga sumarleyfi með launum, sem séu meðaltal þeirra launa, sem hún raunverulega hafi unnið fyrir á orlofsárinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hún hafi þegar greitt stefnanda allt það orlofsfé, sem hún eigi rétt á fyrir framangreint orlofsár. Telur stefnda, að samkvæmt 2. mgr. 11. gr. kjarasamninga milli Iðju og Félags iðnrekenda sé stefnandi í föstu starfi hjá stefnda. Beri henni samkvæmt því 12 daga orlof fyrir framangreint orlofsár, en einungis með þeim launum, sem greidd séu föstu starfsfólki við sams konar störf, enda skipti ekki máli, þótt hún raunverulega hafi haft meiri tekjur sökum þess að hún vann í ákvæðisvinnu. Bendir stefndi þessu til stuðnings á 2. mgr. 13. gr. í samningi Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, sem gildi frá 30. september 1944 til 26. sept. 1946, en þar segir m. a.: „Fólk, sem vinnur ákvæðisvinnu, skal fá greitt fyrir „sumarleyfi samkvæmt ákvæðum um viku- og mánadarkaup ...“

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. í kjarasamningum Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, svo og 4. mgr. 4. gr. orlofslaganna, var stefnandi í föstu starfi hjá stefnda orlofsár það, er að framan greinir. Ber henni því, samkvæmt 1. mgr. 3. gr., sbr. 4. mgr. 4. gr. orlofslaganna nr. 16 frá 1943, 12 daga sumarleyfi með jafnháu kaupum og hún að meðaltali vann fyrir samkvæmt dagvinnutaxta á jafnlöngum tíma umrætt orlofsár. Því er ómótmaelt, að stefnandi hafi unnið hjá stefnda fyrir kr. 16 581.38 orlofsárið 1945—1946 og að allt það kaup sé miðað við dagvinnutaxta. Aðiljum ber saman um, að reikna beri með 302 vinnudögum á ári hjá iðnverkafólki. Ber stefnanda samkvæmt því í orlofseyri 12/302 af kr. 16 581.38 eða kr. 658.86. Af

þeirri fjárhæð hefur stefndi þegar greitt kr. 406.46, en mismuninn, kr. 252.40, ber stefnda að greiða stefnanda með vöxtum svo sem krafizt er í stefnu.

Málkostnaður til handa stefnanda ákveðst kr. 180.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Vinnufatagerð Íslands h/f, greiði stefnanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, kr. 252.00 með 5% ársvöxtum frá 24. janúar 1947 til greiðsludags og kr. 180.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1948.

Nr. 4/1948. H/f Sæfell

gegn

Hafnarsjóði Vestmannaeyja.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi h/f Sæfell, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Nr. 18/1948. Réttvísín (Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Eiði Thorarensen (Hrl. Eggert Classen).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Er rannsókn málsins var lokið, tilkynnti héraðsdómari ákærða á lögregludómpingi, „að opinbert refsímál verði